



Starfsgreinasamband Íslands



Samningur 2013

milli
NPA miðstöðvarinnar
og
Starfsgreinasambands Íslands (SGS)
annarra en Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og
sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

vegna aðstoðarstarfa við fatlað fólk

Gildir frá 1. febrúar 2013 – 30. nóvember 2013

I.kafli Gildissvið og gildistími

1.1 Gildissvið

Samningur þessi tekur til vinnu félagsmanna í aðildarfélögum SGS annarra en Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis í störfum sem aðstoðarfólk fatlaðs fólks. Hér eftir í samningnum er aðstoðarfólk fatlaðs fólks nefnt aðstoðarfólk og fatlað fólk verkstjórnendur.

1.2 Gildistími

Samningurinn tekur mið af aðalkjarasamningi SGS við Samtök atvinnulífsins og hefur sama gildistíma og hann.

1.3 Önnur atriði

Um önnur atriði en kveðið er á um í samningi þessum fer samkvæmt aðalkjarasamningi SGS við Samtök atvinnulífsins.

Komi til þess að NPA miðstöðin geri kjarasamning við aðra viðsemjendur sem samkvæmt efni sínu leiðir til betri réttinda fyrir aðstoðarfólk fatlaðs fólks samkvæmt viðkomandi samningi þá eiga þær breytingar einnig við samning þennan.

II.kafli Um laun

2.1. Aðstoðarfólk fatlaðs fólks

Gildir frá 1. febrúar 2013 til 30.nóvember 2013

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaun	226.000	1.313,95	2.347,01	3.107,50	433,60	722,67	1.182,56	216,80	361,34
1 ár, í st.gr.	232.780	1.353,37	2.417,42	3.200,73	446,61	744,35	1.218,03	223,31	372,18
3 ár, í st.gr.	239.763	1.393,97	2.489,94	3.296,75	460,01	766,69	1.254,58	230,01	383,34
5 ár, í st.gr.	246.956	1.435,79	2.564,64	3.395,65	473,81	789,69	1.292,21	236,91	394,84
7 ár, í st.gr.	254.365	1.478,87	2.641,58	3.497,52	488,03	813,38	1.330,98	244,01	406,69

III.kafli Vaktavinna

3.1 Ráðningarsamningur

Sé aðstoðarfólk ráðið til vaktavinnu, skal það koma fram í ráðningarsamningi þess. Með vöktum er í samningi þessum átt við vinnu sem skipt er niður samkvæmt fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum. Tímalengd vaktar skal tilgreina í vaktaskrá, m.a. með tilliti til upphafs og loka vaktar.

3.2 Skipulag vaktar

Heimilt er að láta vinna á vöktum alla daga vikunnar. Sé eingöngu unnið á vöktum fimm daga vikunnar innan tímamarka kl. 17:00 – 08:00 skal vinnuvikan aðeins vera 38 klst. Þá er heimilt að láta vinna á hálfum vöktum, 20 klst. vinnuviku (19 klst. þar sem vinnuvikan er 38 klst.)

Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en 3 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild.

Aðstoðarfólk í hlutastarfi fær greitt yfirvinnukaup fyrir vinnu umfram starfshlutfall sitt. Aðstoðarfólk í fullu starfi fær greidda yfirvinnu fyrir vinnu umfram vaktaskrá. Starfshlutfall getur verið sveigjanlegt ef um það er samið með að lágmarki mánaðar fyrirvara.

Sjá nánar um hvíldir og frídaga í bókun 2.

3.3 Vaktaskrá

Upptöku vakta skv. gr. 3.2. skal tilkynna með viku fyrirvara. Vaktir skulu ákveðnar að jafnaði fyrir fjórar vikur í senn og skal tilkynna slit þeirra með a.m.k. viku fyrirvara. Skal vaktaskrá gerð kunnug þar sem aðstoðarfólk á greiðan aðgang að henni viku áður en vinna eftir henni hefst. Við gerð vaktaskrár skal þess gætt, eins og kostur er, að vinna á álagstímum skiptist sem jafnast milli aðstoðarfólks.

Sé vaktaskrá breytt með skemmri en 24 klst. (sólárhings) fyrirvara skal greiða aukalega 3 klst. í yfirvinnu og innan 168 klst. (vika) skal greiða aukalega 2 klst. í yfirvinnu.

3.4	Vaktaálög
	<p>Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku, sem fellur utan dagvinnutímabils:</p> <p>33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - kl. 24:00 mánudaga til föstudaga.</p> <p>55% álag á tímabilinu kl. 00:00 - kl. 08:00 alla daga svo og laugardaga og sunnudaga.</p>
3.5	Álag á helgidögum
	Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag greiðist með 55% álagi sbr. gr. 3.4.
3.6	Álag á stórhátíðardögum
	Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársdag eftir kl. 12:00 greiðist með 90% álagi.
3.7	Yfirvinnuálag
	Fyrir vinnu umfram 40 stundir (38 stundir sé daglegur vinnutími á tímabilinu kl. 17:00 - 08:00) að meðaltali í vaktavinnu á viku skal greiða yfirvinnuálag sbr. gr. 1.7 í aðalkjarasamningi aðila.
3.8	Deilitala
	Tímakaup í dagvinnu (til útreiknings á yfirvinnu) skal fundið með því að deila í mánaðakaup án álags með 172.
3.9	Bakvaktir
	<p>Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem aðstoðarfólki er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum.</p> <p>Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi:</p> <p>Fyrir útkall á bakvakt skal aðstoðarfólk fá greitt fyrir unninn tíma þó að lágmarki þrjár klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því starfsmaður kom til vinnu.</p> <p>Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.</p> <p>Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi aðstoðarfólk er með bakvaktarskyldu fær það greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Á almennum frídögum og stórhátíðum verður ofangreint hlutfall 55%.</p> <p>Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu aðstoðarfólks en það er tilbúið til vinnu strax og til þess næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Á almennum frídögum og stórhátíðum verður ofangreint hlutfall 27,5%.</p>
3.10	Vetrarfrí vegna vinnu á helgidögum
	<p>Aðstoðarfólk, sem vinnur vaktavinnu, vinnur sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf, fyrir helgi- og tyllidaga skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2., í aðalkjarasamningi aðila sem falla á mánudaga til föstudaga.</p> <p>Sé ekki vinnuskylda á ofangreindum dögum eða frí veitt, dregst samsvarandi dagafjöldi frá aukafríðögunum, nema hjá aðstoðarfólki sem á inni áunnið vaktufrí. Verkstjórnandi skal tilkynna veitingu vetrarfrís með a.m.k. mánaðar fyrirvara.</p> <p>Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.</p> <p>Heimilt er með samkomulagi verkstjórnanda og aðstoðarfólks að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Aðstoðarfólk fái áunna vetrarfrídaga gerða upp við starfslok.</p>
3.11	Neysluhlé
	Aðstoðarfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Aðstoðarfólki er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, þegar því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal greiða 5 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hvern unninn klukkutíma.

IV.kafli Greiðslur á ferðum

4.1

Veiti aðstoðarfólk aðstoð á ferðum greiðist ferðatími sem vinnutími.

4.2

Veiti aðstoðarfólk aðstoð í ferðum verkstjórnanda sem standa lengur en 24 klst., semur verkstjórnandi við aðstoðarfólk um hvernig greiðslum skuli háttað. Nái þeir ekki samkomulagi gildir gr. 4.3 – 4.6

4.3

Aðstoðarfólk fær laun skv. gr. 2.1 fyrir virkar vinnustundir á meðan á dvölinni stendur.

4.4 Þóknun á ferðum

Auk greiðslna fyrir nauðsynlegan ferðakostnað, svo sem gistingu, flug eða akstur skal greiða dagpeninga fyrir fæði í samræmi við ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

4.5

Dvölin er ekki tekin með í uppgjör yfir vinnustundir eða útreikninga á hámarksfjölda vinnustunda.

4.6

Breytingar á vöktum í tengslum við ferðir eða aðrar breyttar aðstæður skulu gerðar í fullu samráði við þá starfsmenn sem breytingarnar varða og eins fljótt og auðið er.

V.kafli Gjafir

5.1

Aðstoðarfólki er ekki heimilt að þiggja gjafir frá verkstjórnanda eða aðstandendum hans, að undanskildum hófsömum tækifærisgjöfum.

VI.kafli Um námskeið

6.1

Stefnt skal að því að á samningstímanum verði til nám sem hentar aðstoðarfólki. Samningsaðilar tilnefni tvo hver í námskeiðsnefnd sem hefur það verkefni að skila af sér námsskrá og skal vinnu við hana vera lokið eigi síðar en í júní 2013.

Nefndin skal einnig leggja fram tillögur að fyrirkomulagi námskeiðahaldsins s.s. hvort námið skuli fara fram í vinnutíma, hvernig kostnaður við námið sé greiddur og hvernig aukin færni eftir nám endurspeglast í launatöflu

Reykjavík, 21. janúar 2013

F.h. NPA miðstöðvar
með fyrirvara um samþykki stjórnar

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnar

Bókun 1

Um sólarhringsvaktir

Aðilar eru sammála um að taka upp viðræður um sólarhringsvaktir á samningstímanum og mun í því sambandi verða horft til bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, er heimili undanþágu um samfelldan hvíldartíma.

Bókun 2

Um frídaga

Á hverju 7 sólarhringa tímabili á aðstoðarmaður rétt á einum vikulegum frídegi í sólarhring í beinum tengslum við daglegan hvíldartíma.

Hliðra má vikulegum frídegi aðstoðarfólks til, þegar dvalist er utan heimilis notandans í lengri tíma. Þó mega ekki líða meira en 12 sólarhringar á milli 2 frídaga. Leitast skal við að frídagarnir séu teknir saman eða þannig að a.m.k. annar sólarhringurinn sé í beinum tengslum við daglegan hvíldartíma.

Bókun 3

Um sofandi vaktir

Aðilar eru sammála um að taka upp viðræður um fyrirkomulag á sofandi næturvöktum. Skipa skal í vinnuhóp eigi síðar en 1. mars 2013 og tilnefnda samningsaðilar tvo hver í hópinn. SGS boðar til fyrsta fundar og skal stefnt að því að ljúka vinnu eigi síðar en í júní 2013.